



Viðtakandi: Innkaupa- og framkvæmdaráð
Sendandi: Rekstrarþjónustan, Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Útboð nr. 15178 um ræstingar í Ráðhúsi Reykjavíkur, Borgartúni 12-14 og Tjarnargötu 12
Fimm aðilar sendu inn tilboð:

1. Iclean ehf.
2. Hreint ehf.
3. Dagar hf.
4. AÞ-Þrif ehf.
5. Sólar ehf.

Samtals voru tveir viðaukar sendir út. Í fyrri viðauka, sem sendur var út þann 29. júní 2021, var annars vegar að finna tilkynningu um að kaupandi hefði tekið til notkunar nýtt rými í Borgartúni 12-14 sem var þar með bætt við ræstiflöt útboðsins. Hins vegar innihélt fyrri viðaukinn svör við fyrirspurnum. Í kjölfar birtingu fyrri viðaukans barst beiðni um að tilboðsfresturinn yrði lengdur og ákveðið var að verða við þeirri beiðni. Í seinni viðaukanum, sem sendur var út þann 1. júlí 2021, var tilvonandi þátttakendum því tilkynnt að tilboðsfresturinn hefði verið lengdur um einn sólarhring, eða til 7. júlí 2021 kl 11.

Tilboð voru opnuð þann 7. júlí 2021.

Forsendur fyrir vali tilboðs voru eftirfarandi, sbr. kafli 0.8 í útboðslýsingu:

Samið verður við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli lægsta verðs.

Innkaupaskrifstofa hefur yfirfarið tilboð Hreint. ehf. m.t.t. til krafna um fjárhagslegt hæfi og staðfest að sá þátttakandi sem var með hagkvæmasta gilda tilboðið, Hreint. ehf., uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi. Rekstrarþjónusta Reykjavíkurborgar hefur yfirfarið tilboð Hreint. ehf. og staðfestir að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

Rekstrarþjónustan leggur til að gengið verði að tilboði Hreint. ehf., enda uppfyllir það allar kröfur útboðsgagna og er hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli lægsta verðs.

F.h. Rekstrarþjónustunnar

Finnur Kári Guðnason
Deildarstjóri Rekstrarþjónustunnar

